

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1619  
komudagur 29.02.2008



– Federation of Icelandic Trade


Alþingi  
Viðskiptanefnd  
Alþingishúsinu v /Austurvöll

Reykjavík, 28. febrúar 2008

**Efni: Umsögn um frumvarp til samkeppnislaga, 384. mál, samruni fyrirtækja, EES-reglur, mat á lögmæti samruna**

Félag íslenskra stórkaupmanna vísar til erindis Alþingis frá 13. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til samkeppnislaga, mál 384 mál. Félagið gaf umsögn um drög að frumvarpinu til Viðskiptaráðuneytisins með bréfi þann 30. nóvember 2007. Þau sjónarmið sem þar koma fram eru enn í fullu gildi og er sú umsögn hjálögð.

Virðingarfyllst,



Sigurður Örn Guðleifsson, hdl.



– Federation of Icelandic Trade

Viðskiptaráðuneytið  
B.t. Áslaug Árnadóttir  
Amarhvoli  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2007

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005**

Félag íslenskra stórkaupmanna hefur til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005. Félagið þakkar það tækifæri að fá að koma að mikilvægu máli sem þessu á meðan það er enn í frumdrögum og þannig fá tækifæri til að hafa áhrif á gang málsins þegar í upphafi.

Félagið gerir á þessu stigi máls tvær verulegar athugasemdir við efni frumvarpsins. Sú fyrri lítur að banni við framkvæmd samruna á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann og sú síðari fjallar um breytingar á efnislegu mati samruna.

Hvað við kemur banni við framkvæmd samruna er það álit félagsins að ákvæði laganna um að Samkeppniseftirlitið geti ógilt samruna sem þegar hefur átt sér stað og fram kemur í 17. gr. laganna skuli haldast óbreytt. Rökin eru þau að telja verður það verulega þvingjandi fyrir fyrirtæki sem hyggja á samruna að þurfa að bíða í fleiri mánuði eftir að úr því verði skorið hvort samruni sé lögmætur og gangi í gegn. Framkvæmdin er almennt í dag með þeim hætti, eins og getið er um í greinargerð með frumvarpsdrögnum, að fyrirtæki skrifa undir samning um samruna með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Félagið telur rétt að haga málsmeðferð áfram með þeim hætti og leggja það þannig í hendur fyrirtækjanna sjálfra að ákveða hvort þau taki áhættu af því að framkvæma samruna að fullu áður en Samkeppniseftirlitið hefur lokið málsmeðferð sinni.


Í ljósi ofanritaðs leggur félagið til að ákvæði samkeppnislaga um heimild Samkeppniseftirlitsins til að ógilda samruna sem þegar hefur átt sér stað haldist óbreytt og að samruni geti þannig tekið gildi óháð umfjöllun Samkeppniseftirlitsins.

Síðara atriðið sem félagið gerir athugasemdir við snýr að efnislegu mati við ákvörðun um það hvort ógilda skuli samruna eða ekki. Í núgildandi lögum er hin málefnalega ástæða sem Samkeppniseftirlitinu ber að líta til sú hvort markaðsráðandi staða, eins eða fleiri fyrirtækja, verði til eða slík staða styrkist. Í frumvarpinu er lögð til rýmkun á þessu mat stjórnvaldsins þannig að *einkum* skuli líta til ofangreinds sjónarmiðs, en fyrir það opnað að önnur málefnaleg sjónarmið geti verið grundvöllur ógildingar. Tekið er fram í greinargerð með

frumvarpsdrögunum að í þessu felist aukið svigrúm til efnislegs mats á samkeppnislegum áhrifum samruna. Þar er einnig, í dæmaskyni, nefnt það sjónarmið að líta megi til þess að markaðsaðstæður verði skaðlegar samkeppni. Að mati félagsins er þessi tillaga afturför og ekki til þess fallin að auka réttaröryggi lögaðila í samskiptum þeirra við Samkeppniseftirlitið. Það er þýðingarmikið að almenn lög hafi að geyma einfaldar, skýrar og stöðugar reglur um réttindi og skyldur lögaðila. Í því sambandi skiptir miklu að lagaheimildir sem veita stjórnvöldum heimild til íþyngja lögaðilum, séu skýrar og ótvíráðar að efni til og gangi ekki lengra en nauðsyn ber til. Af þessum sökum er mikilvægt að skýrt komi fram í lögum á hvaða málefnalegum sjónarmiðum byggja megi ákvarðanir um að heimila eða hindra samruna og að ekki sé opnað fyrir frekari heimildir í því sambandi án nánari tilgreiningar. Slíkt skapar óvissu á markaði sem dregur úr hagkvæmni og framþróun í viðskiptum.

Með vísan til ofanritaðra athugasemda leggur Félag íslenskra stórkaupmanna til að drög að frumvarpi til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005 verði breytt til samræmis við athugasemdir félagsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags íslenskra stórkaupmanna

  
Sigurður Örn Guðleifsson, hdl.